



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. mars 2023

2303024SA GB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir, 485. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 1. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarp um breytingu á lögum um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir, 485. mál.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á lögum nr. 80/2020 um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir á þá leið að heimila sveitarfélögum að standa fyrir stofnun félags um tiltekna vegaf framkvæmd og rekstur með einkaaðilum eða félagasamtökum, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Afstaða sambandsins

Umrædd hugmynd hefur ekki fengið umræðu á vettvangi sambandsins. Það er hins vegar mikið ákall frá sveitarfélögum um aukna innviðauppbyggingu í samgöngukerfinu og því telur sambandið rétt að þingið skoði gaumgæfilega hvort að þessi kostur sé fýsilegur. Alltaf þarf þó að gæta að jafnræði sveitarfélaga þannig að stofnun slíkra félaga tefji ekki uppbyggingu á þeim svæðum sem ekki hafa tækifæri til að nýta þetta úrræði heldur verði einmitt nýtt til að hraða nauðsynlegum framkvæmdum.

Sambandið er að sjálfsögðu boðið og búið að mæta á fund nefndarinnar til að ræða málið frekar. Þá telur sambandið gagnlegt fyrir nefndina að heyra sjónarmið landshlutasamtakanna sem hafa góða yfirsýn yfir þörf á uppbyggingu í hverjum landshluta sem og þeirra sveitarfélaga sem sent hafa nefndinni umsagnir um málið.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs